

Fundur foreldraráðs Barnabóls



Mánudaginn 26.mars kl.16:15

Mætt: María Ösp, Vigga, Kolla og Ebbi

1. Innra mat
 - a. Niðurstöður foreldra og starfsmannakannana
 - i. Frábærar niðurstöður
 - ii. Úrbótaáætlun
2. Skólaárið 2018-2019
 - a. Áætlaður fjöldi nemenda: 20 - 27
 - b. Áætlun stöðugildi: 7 stg
 - c. Skóladagatal
 - i. skoða sérstaklega skipulagsdaga
 - ii. Það eru 6 skipulagsdagar á skólaárinu eins og áður og munum við nýta 1 fyrir haustráðstefnu Hjallastefnunnar í október, 2 á milli jóla og nýárs og 3 í dymbilviku.
 - d. Viðburðadagatal foreldra
 - e. Símenntunaráætlun
 - i. skoða sérstaklega jóla og páskalokun
 1. 40 klst. (jóla og páskalokun) verða nýttar í símenntun starfsfólks utan vinnutíma, á lotufundum, námskeiðum og piparkökubakstri svo eitthvað sé nefnt.
3. Útisvæði
 - a. Linda og Daníel hjá Krukka (sandkassi) eru í viðbragðsstöðu og biða eftir upplýsingum um framhaldið frá okkur.
 - b. Tillaga stjórnanda
 - i. Fá Lindu og Daníel norður
 - ii. Funda með fulltrúa sveitarfélags, stjórn foreldrafélags og annara foreldra sem hafa áhuga á að koma að skipulagningu
 - iii. Setja niður áætlun í sameiningu og stefna á að klára stóran hluta í sumar
 - iv. Það sem liggur á að klára er:
 1. taka niður kastala og setja annað í staðin
 2. stækka og auðga útisvæði yngri barna
 3. taka gúmmíflísar (þar sem rólur voru) og setja annað í staðin
4. Breytt dagskipulag og vinnustytting starfsfólks (Þróunarverkefni)
 - a. Hjallastefnan er í þróunarvinnu sem snýr að vinnutíma starfsfólks
 - b. Allt starfsfólk sem vinnur með börnum fær styttingu á vinnutíma án launaskerðingar
 - i. 100% starf (venjulega 8 tímar) = 7 tíma viðvera
 - ii. 75% starf (venjulega 6 tímar) = 5,25 tíma viðvera
 - c. Lítilsháttar breyting á Dagskipulagi
 - i. Valið er á morgnanna og síðast á daginn
 - ii. Hópatímarnir eru sitthvoru megin við hádegismatinn

- d. Búið er að keyra þetta skipulag í 3 mánuði í stóru Hjallastefnuskólunum og gengur mjög vel enn sem komið er
 - i. Fagstarfið hefur styrkst
 - ii. Gleði og þol kennara er á uppleið
 - iii. Fjarvistum hefur fækkað
 - e. Við byrjuðum um áramót með nýtt dagskipulag og í síðustu viku að keyra vinnustyttinguna og gengur rosalega vel í startholunum.
 - f. Staðan verður tekin í júní, svo aftur í október og síðast í janúar, s.s. á 3ja mánaða fresti í 9 mánuði.
 - g. Ef raunin er sú að verkefnið skili árangri þá munum við festa það skipulag í sessi hjá okkur og vinna eftir því þar til annað kemur í ljós.
 - h. Ef verkefnið skilar ekki tilsettum árangri (minni fjarvera, meiri ánægja, minna álag, gæði starfs viðhaldist eða aukist, ánægja foreldra með starfið haldist eða aukist) að þá verður farið til baka í gamla skipulagið aftur.
5. Önnur mál
- a. utan dagskrár og ekki rætt
 - i. Facebook síða skólans: Við munum loka Facebooksíðu skólans í vikunni því hún stenst ekki nýja persónuverndarlöggjöf. Allar facebooksíður Hjallastefnuskóla munu loka á næstu vikum (að undanskilinni Hjallastefnusíðunni sem mun haldast opin undir örlítið breyttum formerkjum).
 - ii. Hins vegar leggur stjórnandi til að foreldrafélagið haldi út síðu þar sem stjórnandi getur deilt fréttum og linkum á heimasíðu skólans (það má). En passa þarf að engar myndir, myndbönd, nöfn eða aðrar upplýsingar um börn í leikskólanum rati inn á þá síðu, og einnig verður ekki í boði fyrir okkur að eiga samskipti við foreldra í gegn um messenger spjallið sem er í eigu facebook.
 - iii. Við munum efla Karellen flæðið í staðin, vera duglegri að setja inn fréttir og myndir þangað og nýta skilaboðamöguleikann enn frekar.
6. Vigga og Kolla fara úr stjórn og úr foreldrahópnum í haust og því er gott að Ebba kom inn í ráðið núna til að leiða nýtt foreldraráð í haust.

Fundi slitið